

Ed.

642. Frumvarp til laga

[177. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn. Á Norðurlandamálunum er heiti bankans Íslands Nationalbank, á ensku The National Bank of Iceland og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn skiptist í tvær aðaldeildir, Seðlabanka Íslands og Viðskiptabanka, sem hvor um sig lýtur sérstakri stjórn. Falla veðdeild og stofnlánadeild sjávarútvegsins undir seðlabankann, en sparisjóðsdeild undir viðskiptabanka. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánunum, innlánunum og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig (seðlabanka, veðdeild, stofnlánadeild og sparisjóðsdeild).

2. gr.

Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein laganna, svo hljóðandi:

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, sbr. 18. gr., þarf sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknum lánunum þeim, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, svo og lánunum þeim, er koma kunna í stað þessara lána.

3. gr.

Á eftir 2. grein komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi:

Yfirstjórn Landsbanka Íslands er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum. Stjórn seðlabankans skipa fimm menn, bankastjórar hans og þrír menn skipaðir af ríkisstjórninni eftir tillögum bankaráðs til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjórn seðlabankans er í höndum tveggja bankastjóra, aðalbankastjóra, er forseti Íslands skipar að fengnum tillögum bankaráðs, og bankastjóra, er bankaráð ræður. Forfallist aðalbankastjóri setur ríkisstjórnin mann til að gegna störfum hans á meðan. Forfallist hinn bankastjórinn eða einhver stjórnarmanna bankans, setur bankaráð menn í þeirra stað á meðan. Framkvæmdastjórn viðskiptabankans er í höndum þriggja bankastjóra, sem bankaráð ræður.

Um stjórn bankans fer að öðru leyti eftir því, sem nánar er ákveðið í V. kafla.

4. gr.

2. grein laganna, er verði 4. grein, orðist svo:

Landsbanki Íslands hefur heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefur viðskiptabanki Landsbankans útibú þar, sem framkvæmdastjórn og bankaráð ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

3., 4. og 5. grein laganna verða 5., 6. og 7. grein.

Tilvísun 5. greinar (7. gr.) í 24. grein breytist í 26. gr.

6. gr.

1. mgr. 6. gr., er verður 8. gr., orðist svo:

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna á milli í stað banka-seðla.

Í stað 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 í síðustu málsgrein 6. gr. komi: 150. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

7. gr.

7., 8. og 9. gr. verða 9., 10. og 11. gr.

Í stað orðsins „bankaráðið“ í c-lið 9. gr. (11. gr.) komi: stjórn seðlabankans.

8. gr.

10. og 11. gr. verða 12. og 13. gr.

Tilvísun 11. gr. (13. gr.) í 10. gr. verður í 12. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „Bankaráð og framkvæmdastjórar bera ábyrgð“ í 12. gr., sem verður 14. gr., komi: Stjórn seðlabankans ber ábyrgð.

10. gr.

Í stað orðanna „bankaráðs og framkvæmdastjórnar“ í 13. grein, sem verður 15. grein, komi: stjórnar seðlabankans.

11. gr.

Á eftir 13. grein laganna komi ný grein, er verður 16. grein, svo hljóðandi:

Seðlabankinn hefur með höndum kaup á erlendum gjaldeyri eða aðrir bankar í umboði hans. Enn fremur sölu gjaldeyris til viðskiptabanka sem stjórn seðlabankans ákveður, svo og til ríkissjóðs. Enn fremur framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki. Þá skal seðlabankinn hafa eftirlit með gjaldeyrisverzluninni samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, sem ráðherra sá, sem fer með gjaldeyrismál, setur.

Stjórn seðlabankans ákveður, að höfðu samráði við ríkisstjórnina, eftir hvaða reglum seðlabankinn kaupir afurðavixla af viðskiptabönkum sínum. Einnig er henni heimilt, að höfðu samráði við ríkisstjórn, að kveða á um vexti banka og sparisjóða, þ. á m. um hámarksvexti fyrir hverja einstaka tegund inn- og útlána sem og dráttarvexti og aðra þóknun. Einnig að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í seðlabankanum og þá hve miklar, enda skal stjórnnum banka og sparisjóða skylt að veita seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán.

Nánari reglur varðandi þessa grein skal setja í reglugerð, þ. á m. um viðurlög, ef fyrimælum stjórnar bankans er ekki hlýtt.

12. gr.

14., 15., 16., 17. og 18. grein verða 17., 18., 19., 20. og 21. grein.

Í stað orðsins „bankaráðs“ í 15. gr. (18. gr.) komi: stjórnar bankans.

13. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórn seðlabankans og bankaráðinu“ í 19. gr., sem verður 22. gr., komi: stjórn seðlabankans, og í stað „8. gr., 2. tölulið og 10. gr.“ komi: 10. gr., 2. tölulið og 12. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „landsbankanefndin kýs til eins árs í senn“ í 21. gr. laganna, er verður 23. gr., komi: sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn.

Í stað orðsins „bankaráðsins“ í sömu grein komi: stjórnar seðlabankans.

Við sömu grein bætist ný málsgrein, þannig:

Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

15. gr.

22. gr. verði 24. gr., og breytist greinatalan framvegis eftir því að V. kafla.

Tilvísun 24. gr. (26. gr.) í 5. gr. verði í 7. gr. og tilvísun 25. gr. (27. gr.) í 23. gr. verði í 25. gr.

Í stað orðsins „sparisjóðsstörf“ í 6. tölul. 28. gr. (30. gr.) komi: bankastörf. Tilvísun 30. gr. (32. gr.) verði í 23.—25. gr.

16. gr.

33. og 34. gr. laganna falla niður.

17. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Bankaráð Landsbanka Íslands skal skipað 5 mönnum.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn. Hina fjóra kýs sameinað Alþingi hlutbundinni kosningu til 4 ára í senn. Formann bankaráðs má endurskipa, og hina fjóra ráðsmennina má endurkjósa. Á sama hátt skal skipa varaformann og kjósa fjóra varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum formanns eða bankaráðsmanna. Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan varamann. Ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs Alþingi annan mann í hans stað.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sé lögráða, hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er liðinn, hættir hann þegar störfum í ráðinu.

Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Ríkisstjórnin ákveður laun bankaráðsmanna.

Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

18. gr.

36. gr. laganna fellur niður, en 1. mgr. 37. gr. (verður 36. gr.) orðist svo:

Bankaráðið gerir tillögu um skipun aðalbankastjóra við seðlabanka Íslands og þriggja manna í stjórn bankans. Bankaráðið ræður og einn bankastjóra við seðlabankann og þrjá bankastjóra í framkvæmdastjórn viðskiptabankans. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geti þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Enn fremur getur sá ráðherra, er fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

19. gr.

38., 39., 40. og 41. gr. laganna falla niður.

20. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna, er verður 37. gr., orðist svo:

Formaður bankaráðsins hefur fyrir hönd ráðsins stöðugt eftirlit með starfsemi viðskiptabankans. Hinir bankaráðsmennirnir skulu skiptast á um eftirlit, ásamt formanni.

Tilvísun í 43. gr. í 2. mgr. verði í 39. gr.

Úr síðustu málsgrein falli niður orðin „um seðlaveltu, gullforða og“.

21. gr.

Á eftir 42. gr., er verður 37. gr., komi ný grein, sem verði 38. gr., svo hljóðandi: Stjórn seðlabankans hefur á hendi æðstu stjórn hans, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Hún kemur fram fyrir hönd seðlabankans gagnvart dómstólum, yfir-

völdum og þriðja manni, og getur úrskurðað um öll meiri háttar mál, er bankann varðar. Hún ræður aðalféhirði seðlabankans og ákveður hve hátt veð hann skuli setja. Hún ákveður laun starfsmanna bankans, setur reglugerð um eftirlaun þeirra og úrskurðar um þau. Ríkisstjórnin ákveður laun bankastjóra seðlabankans og þóknun annarra stjórnarmanna hans. Eigi er bankastjórum seðlabankans eða öðrum í stjórn hans heimilt að vera í stjórn annarrar peningastofnunar.

Stjórn seðlabankans heldur fundi eftir þörfum. Enn fremur skal halda fund, ef einhver úr stjórninni óskar. Aðalbankastjóri boðar fundi og stjórnar þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

22. gr.

Á 43. gr. laganna, sem verður 39. gr., eru eftirfarandi breytingar gerðar:

1. Stafliður a orðist svo:

Að koma fram fyrir hönd viðskiptabankans gagnvart dómstólum, yfirvöldum og þriðja manni.

Ráðið getur úrskurðað um öll mál viðskiptabankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.

2. Stafliður c orðist svo:

Að ákveða verkaskiptingu á milli bankastjóra viðskiptabankans og setja þeim erindisbréf.

3. Stafliður h orðist svo:

Að ákveða ásamt framkvæmdastjórninni forvexti og útlánsvexti bankans, séu vextir ekki ákveðnir af stjórn seðlabankans, samkvæmt 16. gr.

4. Tilvísun í 44. gr. í staflið l. verði í 40. gr.

5. Stafliður m falli niður.

6. Stafliður n orðist svo:

Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.

23. gr.

Í stað orðanna „framkvæmdastjórnin“ í 44. gr., er verður 40. gr., komi: framkvæmdastjórn viðskiptabankans.

Tilvísun 4. mgr. 44. gr. (40. gr.) í 43. gr. verði í 39. gr.

24. gr.

45., 46. og 47. gr. verða 41., 42. og 43. gr.

Í stað orðanna „Framkvæmdastjórnin ræður“ í 45. gr. (41. gr.) komi: Framkvæmdastjórnir bankans ráða.

Í stað tilvísunar 45. gr. í 43. gr. kemur tilvísun í 39. gr.

Í stað tilvísunar 46. gr. (er verður 42. gr.) í 43. gr. komi tilvísun í 39. gr.

25. gr.

Í upphafi 48. gr. laganna, sem verður 44. gr., fellur niður orðið „landsbanka-nefnd“.

26. gr.

49., 50., 51., 52., 53., 54., 55., 56., 57., 58. og 59. gr. verða 45., 46., 47., 48., 49., 50., 51., 52., 53., 54. og 55. gr.

27. gr.

VII. kafli laganna (62.—69. gr.) falli niður.

28. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi og falla þá jafnframt úr gildi lagaákvæði, er fara í hága við lög þessi. Þá er lög þessi hafa öðlzt staðfestingu forseta, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 7. gr. laganna ganga í gildi, þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæðum c-liðs 9. gr. laganna um, að bankinn skuli draga erlendar skuldir frá innstæðu þeirri, sem telst til gullforða, svo og því ákvæði, að erlendar innstæður megi ekki fara fram úr $\frac{1}{4}$ alls gullforðans.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykkt þessara laga, skal vera til ársloka 1961. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ríkisstjórnin skipar í fyrsta sinn samkv. lögum þessum, er til ársloka 1962. Hið nýkjörna bankaráð skal hlutast til um, að stjórn seðlabankans og framkvæmdastjórn viðskiptabankans verði komið í það horf, sem lög þessi gera ráð fyrir.